

Fundargerð 905. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2022, föstudaginn 14. janúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Pórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Haraldur Sverrisson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Kristján Þór Magnússon og Jón Björn Hákonarson.

Gunnar Einarsson boðaði forföll og sat Haraldur Sverrisson fundinn í hans fjarveru. Rakel Óskarsdóttir boðaði forföll og sat Daníel Jakobsson fundinn í hans fjarveru. Ásgerður K. Gylfadóttir boðaði forföll en varamaður hennar hafði ekki tök á að sitja fundinn í hennar fjarveru.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

Heiða Björg Hilmisdóttir, varaformaður sambandsins, setti fundinn í fjarveru Aldísar sem kom svo inn á fundin kl. 12:20 og tók Aldís þá við fundarstjórn.

Jón Björn Hákonarson vék af fundi kl. 13:00. Pórdís Lóa Þórhallsdóttir kl. 13:05.

1. Kjarasamningur við Félag grunnskólakennara og Félag stjórnenda kennara og stjórnenda í tónlistarskólum. - 2108010SA

Lagðir fram nýir kjarasamningar milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, ásamt kynningum. Ásamt bréfi frá Kennarasambandi Íslands, dags. 13. janúar 2022, þar sem niðurstaða atkvæðagreiðslu meðal félaga í Félagi grunnskólakennara var kynnt en samningurinn var felldur með 73,71% atkvæða.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða kjarasamning við kennara og stjórnendur í tónlistarskólum.

Haraldur Sverrisson vék af fundi kl. 13:15.

Fundi var slitið kl. 13:40

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir
Pórdís Lóa Þórhallsdóttir
Eyþór Laxdal Arnalds
Haraldur Sverrisson
Guðmundur Ari Sigurjónsson
Daníel Jakobsson
Bjarni Jónsson
Kristján Þór Magnússon
Jón Björn Hákonarson
framkvæmdastjóri
ritari